

1081. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 10. október 2012 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 2. hæð.

Mætt voru: Stefán Einar Stefánsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný V. Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þ. Sigurðsson, Eyrún Ingadóttir, Fríður Birna Stefánsdóttir, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Kristjana Þ. Jónsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

Áður en formleg fundardagskrá hófst voru teknar myndir af stjórn og nýjum stjórnarmönnum.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin. Engar athugasemdir voru gerðar og fundargerðin því samþykkt og undirrituð.

2. FLM – nýtt stéttarfélag

Stefán Einar fékk samþykki fundar fyrir dagskrárbreytingu. Vék hann þá næst að nýjum fréttum um stofnun nýs stéttarfélags, Félags Lykilmanna (FLM), sem fyrrum formaður VR, Gunnar Páll Pálsson hefur nú stofnað í samvinnu við Sjóvá tryggingafélag. Sagði Stefán Einar að við hefðum strax kynnt okkur þetta félag og Þróunarsvið hefði þegar gert úttekt á því sem í boði er hjá þeim í samanburði við þjónustu VR til að geta svarað fyrirspurnum frá félagsmönnum ef þær kæmu. Funduðum við með starfsmönnum í gær og fórum yfir málið. Stefán Einar sagði að hann hefði einnig fundað með forstjóra Sjóvár. Efast er um lögmæti þessa ráðahags milli Sjóvár og FLM þar sem þar er verið að ráðskast með sjúkrasjóðsiðgjald sem er á forræði stéttarféлага með kjarasamning og sem launafólk hefur barist fyrir að ná fram. Verið sé að kanna lögmæti hjá lögfræðingi ASÍ.

Næst kynnti Árni og lagði fram samanburðarskjal, „VR vs. FLM“ þar sem bornir eru saman helstu þjónustuþættir félaganna.

Umræður.

3. Niðurstöður og ályktanir ASÍ-UNG

Stefán Einar dreifði skjali frá ASÍ-UNG, „Húsnæði – mannréttindi ekki forréttindi“ þar sem komu fram ályktanir og niðurstöður af þingi þeirra um íbúðarhúsnæði á viðráðanlegum kjörum. Sagði hann líka frá móttöku þingfulltrúa þeirra hér í húsnæði VR þar sem við hefðum rætt við þau og hvatt til dáða.

4. Fulltrúaval LÍV í miðstjórn ASÍ 2012-2014

Stefán Einar fór yfir málið og benti m.a. á að VR ætti ekki beina aðild að ASÍ og því hefði hann verið að skoða fulltrúaval í miðstjórn ASÍ með formönnum annarra félaga í LÍV.

Tillagan er þessi:

Aðalmenn:

Guðbrandur Einarsson - VS
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir - VR
Kristín M. Björnsdóttir - VR
Óskar Kristjánsson - VR
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir - FVSA

Varamenn:

Sigurður Sigfússon -VR
Páll Líndal - VR
Gils Einarsson – VMS

Umræður.

Engar athugasemdir komu fram við þessa tillögu og sendir Stefán Einar því tillöguna á kjörstjórn. Stakk hann síðan uppá því að Einar Hjartarson - FVSA og Eyrún Ingadóttir – VR yrðu skoðunarmenn reikninga ASÍ og var það samþykkt.

5. Upplýsingar um rekstur skrifstofu

Helga sagði frá því að vel gengi í kjölfar breytinga sem gerðar voru í mars s.l. Erum nú betur að sjá áhrifin á störfin og ein mestu áhrifin eru þau að mikil aukning er nú í sjálfsafgreiðslu í móttöku. Viljum við því flytja skráningu og yfirferð umsókna í sjóði alfarið yfir til skrifstofunnar á Egilsstöðum því þar hefur verkefnum fækkað mjög í kjölfar þessarar þróunar. Verður því hagrætt og fækkað í þjónustuveri í Reykjavík á móti. Með þessu verða líka aðrar breytingar þar sem verkefni hliðrast.

Umræður.

6. Gjaldmiðlavarnarsamningar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Ragnar Þór ræddi skýrslur lífeyrissjóðanna og sérfræðinganefndar VR. Telur hann eðlilegt að það komi viðbrögð frá stjórn VR við þeirri vinnu. Hefur hann því leitað aðstoðar hjá þremur lögfræðistofum. Ragnar Þór finnst ljóst að gjaldmiðlavarnarsamningarnir hafi falið í sér aukna áhættu fyrir sjóðinn og telur það skynsamlegt að fá lögfræðialit áður en farið sé lengra með málið. Það þurfi einnig að kanna hvort ákvarðanir þar um hafi farið fram utan stjórnar sjóðsins. Kanna þurfi hvort lög hafi verið brotin. Leggur hann því til að stjórn VR feli lögmannsstofu að gera úttekt á réttarstöðu okkar varðandi þann möguleika að lög hafi verið brotin svo við getum brugðist við á einhvern hátt en þó ekki á þann veg að mál verði höfðað gegn einstaka stjórnarmanni.

Umræður.

Stefán Einar kom fram með þá tillögu að VR myndi spyrja FME, með formlegum hætti, hvort þeir hafi skoðað þetta mál og við vinnum svo málið áfram í samræmi við svör þeirra. Einnig yrði skoðaður mögulegur kostnaður við lögfræðialit og vonandi þannig að komið yrði svar fyrir næsta stjórnarfund í nóvember.
Samþykkt.

7. GEKON – jarðvarmaklasi – upplýsingagjöf

Birgir Már sagði frá vettvangsferð sinni á vegum GEKON og var með mjög fróðlegar og skemmtilegar upplýsingar á glærum meðfylgjandi. Þetta er skemmtilegt verkefni þar sem allir okkar helstu sérfræðingar koma að málum.

Umræður.

8. Viðræður við Arkitektafélag Íslands

Stefán Einar sagði frá fundi okkar með fulltrúm frá Arkitektafélagi Íslands. Eithvað er óljóst með hver hafi samningsumboð frá þeirra hendi en stungið var uppá að Stefán Einar myndi senda þeim formlegt erindi um sameiningarviðræður eða nánara samstarf.
Samþykkt.

9. Nýir trúnaðarmenn og endurkjörnir

- | | |
|-----------------------------|--------------------------------|
| a. Sigríður Jóna Clausen | Sam-félagið (e) |
| b. Sjöfn M. Guðmundsdóttir | Stafir lífeyrissjóður (e) |
| c. Hafdís Bára Bjarnadóttir | Kaupás, Krónan Reyðarfirði (e) |
| d. Ingimar Þorsteinsson | Marel (e) |
| e. Antonios Karaocanis | Landvélar (e) |
| f. Steinþór Ásgeirsson | Kortapjónustan (e) |
| g. Jóhanna Viborg | Árvakur (e) |

- h. Þórhildur Sif Jónsdóttir
- i. Kristbjörg U Guðmundsdóttir
- j. Lene Bernhöj
- k. Íris Þorsteinsdóttir
- l. Helgi Þorvaldsson
- m. Samúel Jón Samúelsson
- n. Fríða Rakel Kaaber
- o. Aðalheiður Óladóttir
- p. Anna María Benediktsdóttir

- Virðing**
Réttlæti
- Domus Medica (n)
 - Straumhvarf/Arctic Adv.(n)
 - Radisson Blu 1919 hótél (n)
 - DHL Express á Íslandi (n)
 - Bauhaus (n)
 - Bauhaus (n)
 - Lindex (n)
 - Olíuverslun Íslands (n)
 - Árvakur (n)



Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:12
Árni Leósson, fundarritari